

21/1 "57

Vesturlandsumdæmi.

STARFS SKYRSLA

1956

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

STARFSKYRSLA

SKÓGARVARDARINS A VESTURLANDI 1956.

1. Girðingaf:

A árinu var girtur Norðtunguskógur, og er sú girðing **3.7** km. Járnstaurar með 12 m millibili og þrjár trjárenglur milli járnstaura. Girt er með fimmstrengja neti og einn gaddavirsstrengur undir og tveir yfir, hæð girðingar **125** cm. - Rutt var fyrir girðingunni með jarðytu.

Þá var stækkaður systkinareitur í Reykholti, voru það afkomendur séra Einars Pálssonar er höfðu forgöngu um það. Stækkunin nemur 500 m.

Gert var að eldri skógraktargirðingum eftir því, sem hægt var. Girðingin um Sauðhússkóg er gjörsamlega ónýtt, og gengur fé í landinu, þrátt fyrir að reynt er að feka út öðru hvoru. - Þá ~~var~~ framkoma Asgeirssonar frá Fróðá gagnvart Búðarhraungirðingu alveg óverjandi, og er sú girðing bæði til skammar og skapraunar skógraktarmönnum.

Gróðursetning:

A vegum skógraktarinnar voru gróðursettar plöntur á s.l. vori, er hér greinir:

Stálpastaðir:	Sitkagreni 2/2	Sitkagr.2/2	Sitkagr.2/2	Rauðgr.2/2	Lerki
<i>Sunnid, Seward</i>	La.	Homer	Mac-Leod	Fellingfors	Raivola
<i>1/2, Turm.</i>	8000	5000	2000	8000	500
	Blágreni 2/2	Tura 3/0			
	Colorado	Troms inl.			
	3000	4000			
Jafnaskarð:	Blágreni 2/2	Tura			Raivola
	2000	Troms inl. 2/0			Lerki 2/2
		7000			500
Hvammur:	Sitkagr.2/2	Tura			
	Seward	Troms strand 2/3			
	2500	2500			
Munaðarnes:		Tura			Rauðgr. - Hvítgroni
		Troms inl.			R - Rana
		500			Hvítgr. 2/2
					500 500
Ytra - Fell:	<i>Sitkagr.</i>	Tura			Rauðgroni
	Seward	Troms inl.			Fellingfors
	1000	3000			1000
Ymsar girðingar		Tura			
		Troms inl. 4/0			
		2000			

Samtals hefur verið plantað í ofangreindar girðingar 53.500 plöntum. Auk þess hefur fjöldi einstaklinga og félaga plantað miklu, og er Kaupfél. Borgfirðinga lang hást með 50.000 plöntur.

Iðnaðarmannafélag Borgarness hefur annast gróðursetningu í Munaðarnes-girðingunni sinn kostnað sem að undanförmu.

Græðireitur:

Ur græðireitnum við Hreðavatn voru afhentar plöntur er hér greinir:

Lunaðarnesgirðing	500	furur	4/0
Jafnaskarðsskógur	7000	-	4/0
Friðrik Þorsteinsson	1000	-	4/0
Ymsar girðingar	3500	-	4/0
Samtals:	12000	furur	

Fást munu næsta vor 12000 furur 4/0 úr reitnum, en sena fer þessi reitur í auðn. - Í vor var hafist handa um allmiklar framkvæmdir við græðireit í Norðtunguskógi. Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur undanfarið unnið að framkvæmdum á græðireit þar, og hefur það lagt mikið fé fram til þeirrar starfsemi. En s.l. ^{vor} varð það að samkomulagi, að Skógrækt ríkisins tæki græðireitinn í sínar hendur, og hefur verið unnið þar í vor og sumar: Plægðuf og herfaður var einn ha. landsög forræktun hafin 1/2 ha., borinn húsdýraáburður í landið og sáð byggi.

Dreifplantað var í reitinn, sem hér greinir:

- Kontortafuru
- Sitkagreni
- Rauðgreni

Ur reitnum fást næsta vor 3000 skógarfurur 3/0, 800 sitkagreni 1/2, og 2000 rauðgreni 1/0. Auk þess eru í reitnum ca. 40.000 plöntur nothæfar til plöntunar árið 1957, og í sáðbeðum 1/0 og 2/0 nokkur þúsund plöntur ýmissa tegunda.

Kostnaðarsömumust var húsbýggingin við græðireitinn, en þar var byggt hús *.8.10.X.5.35.*, sem eru stórt eldhús og tvö herbergi á hæð, en fremur svefnpláss á lofti. Ekki er búið að fullganga frá þessu húsi, en eigi að síður reyndist það vel, og þeir sem starfa við græðireitinn ~~eru~~ mjög ánægðir yfir þessari framkvæmd. *Jan Þ. Jónsson*

Skógarhögg:

Grisjað var á Stálpastöðum, Hvammi og Jafnaskarðsskógi, en fremur mikið í Norðtunguskógi, en það var gert á kostnað Kaupfélags Borgfirðinga. Gerist nú meiri þörf á aukinni grisjun sökum barrplantanna. En þar sem kjarr er höggvið, koma mikil rótarskot, sem valda enfiðleikum fyrir barrplöntur fyrstu árin.

Laufgun, fræfall:

Skógur laufgaðist um 20.mai, en lauffall var frá 10.til 18. sept. Fréar lélegt um suðvesturland.

Tíðarfar og vöxtur skóga:

Frá áramótum var vetur mildur, oft þíður og snjólaust að kalla. Þegar birti í lofti gerði hörð frost, og voru ísalög nokkur. Um sumarmál gerði norðan ~~þar~~ ^{veður} með mikilli snjókomu í innsveitum. Á bersvæði sá brúnan lit á barrplöntum eftir það veður, en í kjarrrlendi sakaði ekki. Hlýnaði vel síðast í apríl, en gerði allhart frost um miðjan maí en stóð ekki lengi.

Um mánaðarmótin maí og júní geisaði aftaka veður með úrhellis rigningu fyrst en síðan stórgerðu hagléli, og festi snjó til dala. Þessu veðri fyllgdu alvarleg eftirköst fyrir allan gróður, einkum trjágróður í gördum. Barst mikil selta inn yfir landið í þessu veðri, og er það nefnt í daglegu tali "saltveðrið mikla". Nokkrum dögum síðar fór birkið að fölna, og varð skógkjarr víða svart eftir þetta veður, einnig gróður í gördum

Þegar kom fram í júlilok náði trjágróður sér vonum frammar en ekki að fullu. - Eftir þetta veður batnaði tíð, og var sumarið sólríkt og þurrviðræð samt, en ágústmánuður einn þeirra köldustu er komið hafa um langt skeið.

Í sept. brá tíð mikilla rigninga, og héldust þær til áramóta að kalla, lítilsháttar snjóhrafl í des. Síðustu daga ársins voru stillur og blíðviðri. Hlýindi voru óvenjumikil í okt., nóv. og des. - Barrplöntur í skógl endi döfnuðu vel, ekki mikill vöxtur að vísu, en jafn og litarháttur góður. Birki óx mjög lítið sökum áfallsins í saltveðrinu. - Annað árið í röð er engin þer vaxa.

Ferjalög og störf:

Eg var 270 daga fjarverandi í vinnu og ýmsum erindagerðum skógræktarinnar

Er að líkum látur voru störf mín mjög breytileg, enda verð ég að sjá um framkvæmdir, eftirlit og ýmsar leibeiningar á mörgum stöðum, aðdratti handa verkafólki, uppgjör og margt fleira.

Eg skrifaði mörg bréf, mætti á fundum og flutti erindi, svaraði fyrirspurnum, bæði bréfléga og í síma, valdi girðingarstæði, leiðbeindi um val plantna o.m.fl.

Þá hafði ég á hendi framkvæmdarstjórn og reikningshald Skógræktarfélag. Borgarfjarðar, alla framkvæmd á skógræktarstarfi Kaupfél. Borgfirðinga í Norðtunguskógi, systkinareitina í Reykholti, Snorrargarð í Reykholti, Ytrafell á Fellsströnd, ásamt fjölda annara skógræktarframkvæmda, er einstaklingar og félag hafa með höndum. - Öll þessi störf hef ég innt af hendi á endurgjalds.

Helztu ferðalög voru þessi:

27-28. febrúar fór ég að Ytrafelli í Dalasýslu til að leiðbeina með grísjun o.fl.

29.-30. apríl mætti ég á aðalfundi Skógræktarfélags Stykkihólms og flutti erindi og sýndi kvikmyndir.

12.-13. maí fór ég á aðalfund Skógræktarfélags Dalasýslu vestur í Saurbæ, flutti erindi og sýndi kvikmyndir.

16.-17. jún. Var við útlöntum í Hvammi í Dölum og Skarði á Skarðsströnd, ásamt súa Pétri Oddssyni . ~~hennar~~ gróðursetningu og flutti erindi. Fjöldi fólks mætti.

30. jún. og 1. júl. mætti ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, er haldinn var að Reykjahlíð við Mývatn.

5. júl. fór ég á Snæfellsnes til leibeininga.

24. júl til 7. ágúst var ég á ferðalagi um Noreg ásamt skógræktarstjóra og öðrum skógræktarmönnum. Sú ferð var góð.

12. ágúst fór ég með 40 manna hóp um Borgarfjarðarhérað og sýndi framkv. skógræktarinnar. - Auk þeirra ferða, er að ofan greinir, hefi ég farið á fundi til Reykjavíkur og fjöldamargar ferðir um Borgarfjarðarhérað, á fundi og til leibeininga.

24. okt. mætti skógræktarstjóri ásamt friðu föruneysi að Stálpastöðum, voru það flest blaðamenn. Skoðuðu þeir skóginn og þar framkvæmdir er þar hafa farið fram.

24. okt. kom skógræktarstjóri ásamt Braaten stórutgerðarmanni frá Noregi, en hann gaf rausnargjöf til skógræktar á Stálpastöðum.

Enn sem fyrr er það plöntufæðin, er háir starfsemi skógræktarinnar á þessum slóðum, og plönturnar þykja ekki nógu góðar.

Ymislegt:

Að þessu sinni unnu hjá mér lærðir skógræktarmenn á tímabili, ~~og sýndu~~ Guðmundur Pásson, vann allt vorið og sumarið í Norðtunguskógi. Á hann hinar beztu þakkir skilið fyrir sín góðu störf þar. - Þá unnu þeir Haukur Ragnarson og Snorri Sigurðsson að mælingum á Norðtunguskógi, og kortlögðu þeir hann. Þá athugaði Haukur Jafnaskarðaskóg og gerði kort yfir hann. Haukur hafði einnig eftirlit með gróðursetningu á tímabili. - Var mikill fengur að störfum þessara manna.

Að endingu færi ég skógræktarstjóra beztu þakkir fyrir árið, og óska ég honum og skógræktarstarfinu í landinu allra heilla.

31. des. 1956
Skógarvörðurinn
á Vesturlandi.
David M. Jónsson